

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 261/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gústav Reinholt Gústavssyni

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Hallgrími Pétri Gústavssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.) og

Magnúsi Gunnari Baldvinssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henryrson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1989 að ósk ákærðu og einnig af ákærvaldsins hálfu, að því er þá varðar, til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Með ákærðu var fjórði maður dæmdur í héraði. Hann unir héraðsdómi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, brutust ákærðu í félagi inn í íbúðarhús að næturlagi í því skyni að komast þar yfir peninga. Þeir voru grímuklæddir. Beittu þeir íbúa hússins ofbeldi, ollu þeim líkamsmeiðingum, slógu eign sinni á og höfðu á brott með sér peninga, skartgrip og áfengi. Varðar brot þeirra við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ákært er fyrir. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, sem ber að staðfesta.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Gústav Reinholt Gústavsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttar-

lögmanns, 60.000 krónur, ákærði Hallgrímur Pétur Gústavsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, og ákærði Magnús Gunnar Baldvinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 24. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29-32/1989: Ákærvaldið gegn Gústaf Reinhold Gústafssyni (sic), Hallgrími Pétri Gústafssyni (sic), Magnúsi Gunnari Baldvinssyni og X, sem tekið var til dóms 16. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. desember sl., á hendur ákærðu, Gústaf Reinhold Gústafssyni, Yrsufelli 9, fæddum 7. janúar 1962, Hallgrími Pétri Gústafssyni, Yrsufelli 9, fæddum 3. október 1959, Magnúsi Gunnari Baldvinssyni, Vitastíg 9, fæddum 8. janúar 1957 og X, [...], öllum í Reykjavík og fæddum þar.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í september 1988:

I. Rán.

Ákærðu, Gústaf Reinhold, Hallgrími Pétri og Magnúsi Gunnari, er gefið að sök að hafa í félagi aðfaranótt sunnudagsins 25. september brotit grímuklæddir inn í einbýlishúsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi og beitt húsráðendur þar, hjónin Sverri Sigurðsson, fæddan 10. júní 1909, og Ingibjörgu Guðmundsdóttir, fædda 5. október 1911, líkamlegu ofbeldi, ráðist að Sverri með þeim afleiðingum, að hann marðist á vinstra eyra og á stóru svæði á höfði ofan eyrans og vinstri vísifingur hans brotnaði og fór úr liði og beitt Ingibjörgu svo miklu líkamlegu harðræði, að hún mjaðmargrindarbrotnaði. Neyddu ákærðu hjónin þannig og með ógnunum til að benda sér á fjármuni í íbúðinni og höfðu á brott með sér eftirgreind verðmæti, eftir að hafa skorið á símaleiðslur í húsinu:

15.000,00 krónur, gullhálsmen, 6 gullhringi, 6 bjórdósir og allt að 10 áfengisflöskur.

Telst þessi háttsemi allra ákærðu varða við 252. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I. Rán.

Aðfaranótt sunnudagsins 25. september sl. klukkan 1.36 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að þrír menn hefðu brotist grímuklæddir inn í húsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi og beitt húsráðendum, hjónin Sverri Sigurðsson og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, harðræðum í leit að peningum og verðmætum í húsinu. Höfðu mennirnir stolið áfengi og skartgripum, rótað til í húsinu og þvingað húsbóndann til þess að afhenda sér peninga úr seðlaveski sínu og til að opna læstan peningaskáp. Þá höfðu þeir valdið húsráðendum meiðslum, sem síðar verður gerð grein fyrir.

Samkvæmt frásögn húsráðenda voru mennirnir, eins og áður greinir, grímuklæddir eða með húfur niður fyrir höku og með hanska. Drógu þeir fyrir gluggana í stofu hússins, á meðan þeir dvöldust þar, og þegar þeir fóru, skáru þeir á símalínur í húsinu.

— — —

Eins og áður greinir, hlutu hjónin Sverrir og Ingibjörg meiðsli umrætt sinn, en hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans strax um nóttina, en hann leitaði þangað árdegis næsta dag.

Fyrir liggja vottorð Leifs Jónssonar, læknis á slysadeildinni, um meiðsli hjónanna, og eru þau dagsett 30. september sl. Í vottorði læknisins um meiðsli Ingibjargar segir, að hún hafi komið í sjúkrahúsið á slysadeildina klukkan 2.33 um nóttina og hafi verið vel áttuð (sic) við komuna þangað. Síðan segir í vottorðinu:

„Við skoðun finnur maður kúlu á hnakkanum u.þ.b. 4x4 cm einnig er um 7x4 cm mar á vinstri olnbola svo og 3x3 cm mar á innanverðum vinstri fótlegg og á vinstra hné. Verkur er yfir mjaðmargrindinni einkum vinstra megin og sýnir röntgenmynd að mjaðmargrind er brotin. Sjúkl. var innlögð á gæsludeild Slysadeildar og síðan legudeild og liggur þar enn. Einhvern áverka virðist hún hafa fengið á brjóstakassann því eymsli eru til staðar en óveruleg óþægindi frá hjartanu nú. Í dag er enn óljóst hversu löng spítalavistin verður.“

Í vottorði læknisins um Sverri segir, að hann hafi komið í slysadeildina 25. september sl. klukkan 11.51. Um skoðun á Sverri segir síðan svo:

„Við skoðun finnur maður, að vísifingurinn er þrútin og aflagaður, svo og finnst mar á ytra vinstra eyra og 10x10 cm stórt svæði ofan eyrans er og marið. Eymsli eru á sama stað en ekki merki um brot eða dýpri

meiðsli. Ekki kvartanir um ógleði eða uppköst. Telur hann sig hressan að öðru leyti.

Röntgenmynd sýnir að brotið er úr miðkjúku vísifingurs svo og er fingurinn úr liði. Í deyfingu er fingurinn settur í liðinn og búið um að öðru leyti. Sjúkl. er stefnt til endurkomu í næstu viku.

Vottorð þetta verður að skoðast sem fyrsta vottorð, því ekki er ótrúlegt að fleiri einkenni komi fram fyrstu dagana eftir slíkar misþyrmingar.“

Í vottorði Ludvigs Guðmundssonar, læknis á Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, dagsettu 12. október sl., kom fram, að bæði hjónin hafi á síðustu árum átt við sjúkdóma að stríða.

— — —

Hinn 3. október sl. játuðu ákærðu allir hlut sinn að innbrotinu að Sævargörðum 1 í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnanna Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi.

Vitnið Sverrir kveðst hafa farið að sofa að kvöldi 24. september sl. nokkru fyrir miðnætti. Svaf vitnið í fyrsta herberginu til hægri, þegar komið er inn í svefnálmuna úr skálanum, en kona þess í hjónaherberginu. Vitnið vaknaði síðan um kl. 1 við einhvern smell og fór þá fram úr rúminu og fram á gang fyrir framan herbergið til þess að athuga, hvað um væri að vera. Vitnið telur, að hvergi hafi verið ljós í húsinu, en ratljóst þrátt fyrir það frá götuljósum fyrir utan. Vitnið gekk inn ganginn að glugga, sem snýr í suður að bílskúrnum við húsið. Leit vitnið út, en sá ekkert athugavert. Það sneri þá við og gekk fram ganginn í átt að dyrunum fram í skálann, en þegar það var að koma í dyrnar, komu á móti því tveir menn með dökkar grímur fyrir andlitinu, og réðust þeir umsvifalaust á vitnið. Annar mannanna tók um háls vitnisins, og urðu einhver átök, en vitnið gerir sér ekki grein fyrir þeim í smáatriðum. Í átökunum féll vitnið í gólfið og kom niður á vinstri kinn. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir því, hver það hafi verið, sem tók um háls þess, og telur vitnið sig hafa misst meðvitund, þar sem það lá á gólfinu. Næst man vitnið eftir sér, þar sem það sat í stól við skrifborð í skálanum, og var þá yfir því maður með prik í hendi, og ógnaði hann vitninu með prikinu og spurði um peninga. Rétt á eftir kom annar maður að skrifborðinu, en ekki man vitnið eftir því, að hann væri að krefja það um peninga. Vitnið var ringlað, þar sem það sat í stólnum, og heyrði einhver hróp í konu sinni inni í svefnherbergisálmunni. Gerði vitnið sér þá grein fyrir, að þrír menn væru í húsinu. Vitnið segir, að maðurinn með prikið hafi til áréttingar kröfum sínum velt skrifborðinu á hliðina, og einnig spurði hann um peningaskáp. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir því, hvort mennirnir voru tveir hjá því, þegar skrifborðinu var velt.

Vitnið segir, að það hafi verið sá hæsti hinna þriggja óboðnu gesta, sem ógnaði því með prikinu og krafðist peninga. Vitnið afhenti honum eða öðrum manni veski sitt, og sá vitnið hann taka peninga úr því. Annar mannanna, sem var yfir vitninu, rétti skrifborðið við, svo að vitnið gæti náð í lykil að peningaskápnnum, en hann var í skúffu, sem sneri niður.

Vitnið segir, að tveir mannanna hafi stutt það inn í herbergi, þar sem peningaskápurinn var. Setti vitnið lykil í skrána og opnaði hana, en annar mannanna togaði upp hurðina, en það gat vitnið ekki, þar sem það var orðið meitt á vinstri hendi. Þegar skápurinn hafði verið opnaður, tættu mennirnir úr skápnnum fram á gólf að vitninu viðstöddu, en það stóð við skápin.

Vitnið segir, að maðurinn með prikið hafi verið við, þegar skápurinn var opnaður. Ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvort það var hann eða hinn maðurinn, sem togaði upp skáphurðina. Segir vitnið, að það hafi verið sömu mennirnir, sem stóðu yfir því í skálanum, sem fóru með vitnið inn í peningaskápsherbergið. Vitnið kveðst lítið hafa tekið eftir þriðja manninum og man óglögg eftir honum.

Vitnið man, að það var stutt fram í stofuna, þar sem það lagðist í sófa. Telur vitnið, að það hafi verið mennirnir tveir, sem voru í peningaskápsherberginu, sem það gerðu. Þó megi vera, að þriðji maðurinn hafi komið þar við sögu.

Vitnið segir, að það hafi orðið miður sín, eftir að það missti meðvitund og rankaði við sér á ný. Kunni því atburðarásin að hafa verið önnur en vitnið lýsir. Vitnið man ekki eftir, að neitt hafi verið þjarmað að því meira en það hefur nú þegar lýst.

Vitnið kveðst ekki hafa séð neinn mannanna beita konu sína harðræði, en þegar það sat við skrifborðið í skálanum, heyrði það hróp í henni, sem vitnið skynjaði á þann veg, að verið væri að beita hana harðræði.

Vitnið segir, að í herberginu við hliðina á hjónaherberginu hafi ekki verið rúm eða sófi.

Vitnið gerði sér ekki grein fyrir, hvaða prik var um að ræða, en eftir atburðinn telur vitnið, að um göngustaf þess hafi verið að ræða, en hann hafði verið færður úr „statífi“, þar sem hann var geymdur.

Vitnið er þeirrar skoðunar, að ekki hafi verið kveikt ljós í húsinu, á meðan mennirnir voru þar.

Vitnið kveðst ekki vera orðið jafngott í fingrinum, sem brotnaði, og er það í daglegum æfingum með hann, en vitnið getur ekki beygt hann nema lítið. Þá er vitnið með höfuðverk á kvöldin, en það hrjáði vitnið ekki fyrir umræddan atburð.

Vitnið kveðst ekki munu setja fram bótakröfu í þessu máli, en þau hjónin eru ekki búin að jafna sig.

Vitnið Ingibjörg kveðst hafa farið að sofa síðla umrætt kvöld og vaknað síðan við eitthvert hljóð, mannamál eða eitthvað óeðlilegt, og komið fyrst í hug, að eitthvað væri að eiginmanni þess. Fór vitnið út úr svefnherberginu, en um leið kom að því maður, sem ýtti eða hrinti vitninu inn í herbergi við hliðina á svefnherberginu. Vitnið reyndi að opna hurðina með því að snúa hurðarhúninum og toga hurðina til sín, en hún opnaðist inn í herbergið. Vitnið komst ekki út strax, þar sem maðurinn togaði á móti utan frá. Þegar vitnið komst fram úr herberginu eftir stutta stund, var maðurinn horfinn, sem hafði haft afskipti af vitninu, en hann var, að vitninu fannst, með klút fyrir niðurandlitinu og efri hluta þess og höfuðið allt hulið, en vitnið getur ekki gert grein fyrir höfuðbúnaði mannsins frekar.

Þegar vitnið kom fram úr herberginu, sá það mann sinn í átökum við tvo menn, sem voru með allt höfuðið hulið með lambhúsettum og þykka verkamannahanska. Vitnið sá mann sinn í þessum átökum og annan manna með barefli. Ekki sá vitnið mann sinn falla, á meðan það var inni í svefnherbergisálmunni, og ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvernig það komst fram í skálann, en þangað komst vitnið fram hjá manni sínum og mönnunum tveim. Man vitnið, að það stóð í skálanum og sneri baki upp að vegg, sem skilur að þvottahúsið. Þaðan sá vitnið, hvar mennirnir tveir voru að þjarma að eiginmanni þess, sem lá í gólfinu á milli skrifborðsins og skrifborðsstólsins. Vitnið man ekki eftir því, að það sæi, hvernig maður þess féll í gólfið, en það kveðst hafa reynt að komast til hans, en þriðji maðurinn hélt vitninu, svo að það komst ekki til eiginmanns síns.

Einhvern tíma, á meðan á framangreindu stóð, hrinti þriðji maðurinn vitninu í gólfið í skálanum, en ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvernig það kom niður. Vitnið telur sig ekki hafa misst meðvitund, og ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hversu lengi það lá í gólfinu. Kveðst vitnið hafa kennt til í öxl, höfði og baki, strax á meðan það lá í gólfinu. Segir vitnið, að sá, sem hrinti því, hafi reist það við og fylgt því inn í stofu, en áður en hann gerði það, sá vitnið, að maður þess var kominn í stól sinn við skrifborðið. Þá heyrði vitnið hann hrópa, að kona hans væri hjartveik og nýkomin af sjúkrahúsi. Áður en vitnið var leitt inn í stofuna, heyrði það mennina tvo krefja eiginmann þess um peninga og horfði á þá fara með hann úr skálanum inn í svefnherbergisálmuna. Fannst vitninu mennirnir fara mjög hrottalega með eiginmann þess, en ekki getur vitnið lýst þessu nákvæmlega.

Vitnið segist hafa séð staf eiginmanns síns liggjandi á gólfinu í svefnherbergisálmuganginum, þegar vitnið komst fram í skálann. Ekki sá vitnið mennina beita staf eða priki, á meðan þeir voru í húsinu.

Vitnið segir, að maðurinn hafi sett það í stól í stofunni og síðan verið í næsta nágrenni við vitnið, það sem eftir var veru hans í húsinu. Ekki beitti maðurinn vitnið frekari harðræðum og ekki hinir mennirnir. Vitnið

segir, að eftir að það var sest í stólinn, hafi maðurinn farið með það fram í eldhús að sækja tungurótartöflur, en vitnið fann til verkja í brjósthóli. Ekki vildi maðurinn fara einn að sækja töflurnar. Eftir nokkra stund komu hinir mennirnir með eiginmann vitnisins inn í stofuna, en þar lagðist hann í sófa. Ekki gerðu mennirnir eiginmanni vitnisins neitt frekar, og undir lokin buðust þeir til þess að bera þau hjónin inn í rúm og kváðust mundu hringja á sjúkrabil. Kom fram, að þeir höfðu farið í rangt hús.

Vitnið þorir ekki að fullyrða, að það hafi verið sami maðurinn, sem það sá fyrst, og síðar var með vitninu í stofunni. Þá þorir vitnið ekki að fullyrða, að það hafi verið sami maðurinn, sem hrinti því, og síðar studdi það inn í stofuna.

Vitnið segir, að maðurinn, sem lengst var með því í stofunni, hafi verið í snjóþveginni, stífri „gallaúlpu“, dökkum buxum og með dökkryjotta hettu yfir allt höfuðið.

Vitnið segir, að sá, sem var stærstur og herðabreiðastur mannanna þriggja, hafi vírst foringinn og fyrirferðarmestur í framgöngu við eiginmann vitnisins. Vitnið segir þennan mann hafa verið dökklæddan að öllu leyti, og virtist blússa hans eða yfirhöfn vera úr einhvers konar leðri.

Vitnið segir, að rétt áður en mennirnir yfirgáfu húsið, hafi þeir farið fram í eldhús og talað sig saman, og sá vitnið þá síðan yfirgefa húsið. Var sá stærsti með tvo plastpoka. Ekki tók vitnið eftir því, hvort hinir voru með poka.

Vitnið segist ekki vera búið að jafna sig eftir þessa atburði. Er vitnið ekki útskrifað af slysadeild og er í sjúkraþjálfun.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu.

Ákærði Gústaf Reinholt segir, að ákærði X hafi sagt honum, þar sem þeir voru staddir á hádegisbarnum á Hótel Borg laugardaginn 24. september sl., að úti á Seltjarnarnesi byggji okrari, sem væri á aldrinum 40 til 50 ára, ásamt konu sinni og pilti og stúlku, 18 til 20 ára. Jafnframt fylgdi sögu X, að hús okrarans væri mannlaust og að þar væri fullt af peningum. Nefndi ákærði X í því sambandi hálfa til heila milljón króna. Með ákærða og ákærða X var á Hótel Borg Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson.

Eftir að hafa verið á hádegisbarnum, þar sem ákærði drakk töluvert af áfengi, héldu ákærði og félagar hans í húsið Grundarstíg 24. Þar drakk ákærði meira áfengi, og var um létt vín að ræða. Þá borðaði ákærði þarna súpu úr sveppum, sem tindir höfðu verið einhvers staðar í borginni. Varð ákærði ölvaður og ruglaður, eftir að hafa neytt áfengisins og súpunnar.

Þegar ákærði hélt frá Grundarstíg 24 ásamt félögum sínum, fóru þeir í gönguferð um nágrennið. Í gönguferðinni urðu ákærðu viðskila við féлага

sinn og héldu aftur að Grundarstíg 24, en þangað kom Aðalsteinn Guðlaugur aftur og var þá í bifreið, sem stúlka ók, og ók hún ákærðu um borgina og út á Seltjarnarnes, en þar benti ákærði X á hús og sagði, að þarna væri húsið, sem hann var áður búinn að minnast á. Sá ákærði í bílskúr við húsið mann, sem virtist um fimmtugt.

Þegar komið var á ný til Reykjavíkur, var ekið að billjarðstofu við Klapparstíg og á Grundarstíginn og þaðan að Blönduhlíð 3, en þar dvaldist ákærði í bílskúr. Ákærði hafði ekki lykla meðferðis og skreið því inn um glugga, en Aðalsteinn Guðlaugur og stúlkan biðu fyrir utan og einnig ákærði X.

Ákærði kveðst hafa skipt um föt í bílskúrnum, og fór hann í bláar „galla“-buxur og svartan leðurjakka. Þá var hann í svörtum skóm.

Ákærði fékk nú far með Aðalsteini Guðlaugi, ákærða X og stúlkunni niður á Klapparstíg 12, þar sem ákærði Hallgrímur Pétur bjó.

Ákærði Hallgrímur Pétur var heima, og héldu hann, ákærði og ákærði X í billjarðstofu við Klapparstíg. Man ákærði, að þar hittu þeir ákærða Magnús Gunnar. Næst man ákærði óljóst eftir því, sem gerðist, en hann var þá orðinn mikið undir áhrifum eftir áfengis- og súpuneysluna. Þó man ákærði, að hann var kominn aftur upp í Blönduhlíð og að þar voru með honum ákærðu Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar.

Ákærði man, að ákærði X var ekki með þeim hinum, þegar komið var í Blönduhlíðina í þetta skipti, en ekki man ákærði, hvað varð af honum eða hvenær hann hvarf úr hópnum.

Ákærði man, að hann ræddi við ákærðu Hallgrím Pétur og Magnús Gunnar um húsið á Seltjarnarnesi og verðmætin þar. Þá man ákærði, að rætt var um þetta fyrst á billjarðstofunni eða eftir að hún var yfirgefin og áður en komið var upp í Blönduhlíð. Ákærði getur þó ekki sagt um, hvar þeir voru staddir, þegar þetta var rætt fyrst, né man ákærði, hvort ákærði X var þá í hópi þeirra.

Ákærði segist hafa skipt um föt á ný í Blönduhlíðinni og fór nú í gráan „jogginggalla“ og svartan bol yfir. Einnig tók hann með sér svarta alpa-húfu og svartan strokk, sem hann notaði síðar um nóttina til þess að draga upp fyrir nef á sér til að dyljast, en þegar ákærðu komu í Blönduhlíðina, voru þeir búnir að sammælast um að fara í húsið á Seltjarnarnesi og leita þar peninga og annarra verðmæta, en ekki minnst ákærði þess, að hann hafi átt uppástunguna að þessu. Ákærði telur, að þeir hafi ekki verið búnir að ákveða, hvernig staðið skyldi að verki í húsinu, þegar þeir voru í Blönduhlíðinni, og minnst ákærði þess ekki, að ákveðið væri fyrir fram, hvernig að förinni í húsið yrði staðið.

Ákærði segir, að atburðarásin sé óljós í minni sínu, og getur hann ekki upplýst, hvenær var ákveðið, að þeir félagar færu dulbúnir í húsið.

Þá getur ákærði ekki upplýst, hver þeirra ákærðu átti uppástunguna að því.

Ákærði telur, að hinir ákærðu hafi síðan farið ásamt sér niður á Klappartíg 12, þar sem þeir hafi dulbúist, en ekki man ákærði eftir þessu sjálfur.

Ákærði man, að þeir þrír héldu af Klappartígnum út á Seltjarnarnes í bifreið, sem ákærði Magnús Gunnar ók, en hann hafði ekið þeim félögum, eftir að þeir fóru úr billjarðstofunni. Minnir ákærða, að ákærði Magnús Gunnar hafi verið alveg svartklæddur, en ekki man ákærði, hvernig ákærði Hallgrímur Pétur var klæddur. Þá minnir ákærða, að félagar hans hafi báðir verið með hvítar lambhúshettur meðferðis.

Ákærði segir, að ákærði Magnús Gunnar hafi ekið eftir sinni fyrirsögn fram hjá umræddu húsi, en síðan var bifreiðinni lagt á dimmt, autt svæði nokkurn spöl frá húsinu, en þaðan héldu ákærðu að bakhlið þess. Ákærðu klifruðu yfir einhvern timburvegg og komu þá að glerhúsi. Ákærði skrúfaði í sundur stormjárn á opnanlegum glugga á glerhúsinu og skreidd þar inn. Síðan opnaði hann hurðina fyrir hinum. Ákærði telur, að þeir hafi sett á sig dulargervið yfir andlitið í glerhúsinu, ákærði svartan strokk og hinir lambhúshetturnar. Ákærði kveðst síðan hafa haldið niðri snerli að læstri hurð inn í húsið, en ákærði Hallgrímur Pétur sparkaði henni upp. Ákærði man ekki, í hvaða röð þeir fóru inn í húsið, en þeir fóru hver á eftir öðrum. Ákærða minnir, að ákærði Hallgrímur Pétur hafi farið fyrstur, en þorir ekki að fullyrða það.

Ákærði segir, að atburðirnir hafi gengið mjög hratt fyrir sig (sic) eftir að inn var komið, og getur ákærði ekki rakið það, sem gerðist, í rétttri röð, svo að öruggt sé. Segir ákærði atburðina renna saman. Man hann ekki, hverjir tveir þeirra ákærðu komu fyrst að Sverri. Ákærði var, eins og áður greinir, ölvaður, en hann segir, að af sér hafi runnið, þegar hann sá fólkið í húsinu og aldur þess. Minnir ákærða, að ákærði Magnús Gunnar hafi þá spurt, hvort þeir ættu ekki að hætta við.

Ákærði hefur tjáð sig um framburð Sverris Sigurðssonar þess efnis, að tveir menn með dökkar grímur hafi ráðist á hann og annar þeirra tekið um kverkar honum og snúið hann niður og þjarmað að honum, einnig, að yfir honum hafi staðið maður með prik eða staf reiddan til höggs og spurt: „Hvar eru peningarnir? Hvar eru peningarnir?“ — loks, að maðurinn með prikið hafi velt um skrifborðinu.

Ákærði kannast ekki við að hafa staðið að því að taka um kverkar Sverris og snúa hann niður né að hafa þjarmað að honum á gólfinu. Ákærði kannast heldur ekki við að hafa haft prik eða staf í hendi. Ákærði kannast ekki við að hafa spurt ógnandi um peninga. Hann kannast við að hafa velt um skrifborðinu. Ákærði kannast ekki við að hafa séð hina ákærðu gera það, sem Sverrir fullyrðir, og ákærði kannast ekki

sjálfur við að hafa gert. Man ákærði ekki eftir, að Sverrir missti meðvitund.

Ákærði heldur því fram, að maðurinn hafi setið við skrifborðið í skálanum, þegar þeir ákærðu komu að húsinu, og kveðst ákærði hafa séð þetta inn um glugga.

Ákærði segist hafa beðið manninn að opna peningaskápinn, en ekki var ákærði búinn að sjá, hvar hann væri. Segist ákærði hafa haft það eftir ákærða X, að peningaskapur væri í húsinu. Maðurinn neitaði þessu, og þá felldi ákærði skrifborðið á hliðina til áréttingar kröfu sinni. Maðurinn bað ákærða að reisa skrifborðið við, svo að hann gæti náð í lykilinn að skápnum úr því. Ákærði man ekki, hvar hinir ákærðu voru, þegar hann sjálfur var að biðja manninn um að opna skápinn. Ákærði reisti við skrifborðið, og voru hinir ákærðu þá staddir þar. Þeir fóru með manninum til að opna peningaskápinn, en ákærði fór fram í stofuna til að ræða við gamla konu, sem hann var áður búinn að rekast á í húsinu.

Ákærði segir, að fyrst eftir að hann kom inn í húsið, hafi hann séð manninn sitjandi við skrifborðið og ljós þar í nánd. Eftir að hafa heyrt framburð annarra um þetta, vill ákærði þó ekki fullyrða, að maðurinn hafi setið við skrifborðið. Ákærði man ekki, hvort hann stansaði hjá mannum fyrst, en hann kveðst hafa farið inn í ganginn í svefnherbergisálmunni, eftir að hafa séð manninn, og þar var kona að koma út úr herbergi við hlið hjónaherbergis. Segir ákærði, að konan hafi dottið, þegar ákærði opnaði dyrnar inn í herbergið, og fallið aftur á bak á ská og upp í rúm, sem þarna hafi verið. Ákærði segir, að konan hafi staðið upp hjálparlaust og gengið fram í stofuna í fylgd sinni, en ákærði hélt að skrifborðinu til mannsins og fór að ræða við hann um peningaskápinn.

Ákærði segist hafa verið hjá konunni frammi í dagstofunni, á meðan félagar hans fóru með manninum inn í herbergið, þar sem peningaskapurinn var. Fór hann m.a. til að sækja vatn fyrir hana og töflur, en hún kvartaði um hjartveiki. Kveðst ákærði hafa verið mest í kringum konuna.

Ákærði kveðst hafa farið inn í svefnherbergi hússins með ákærða Hallgrími Pétri, eftir að hann og ákærði Magnús Gunnar voru búnir að fara í peningaskápinn. Í svefnherberginu tók ákærði og sló eign sinni á einn hring og hálsfesti, en ekki veit ákærði, hvað ákærði Hallgrímur Pétur tók.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið peninga eða áfengi í húsinu, en veit, að hinir ákærðu gerðu það. Ákærði man ekki eftir, að stolið væri bjór í húsinu, og ekki minnst hann þess að hafa drukkið bjór um nóttina að Klapparstíg 12.

Ákærði segir, að ákærði Magnús Gunnar hafi skorið á símalínur í húsinu óbeðinn, og telur hann hafa borið þýfið á brott. Ákærði mundi ekki eftir að hafa tekið með sér lykila í húsinu.

Ákærði kveðst hafa klappað á öxlina á hjónunum, þegar þeir voru að fara, og hefði hann beðið þau fyrirgefningar og sagt, að þeir myndu hringja á sjúkrahúsið, þegar þeir kæmst í síma. Það gerði ákærði síðan.

Ákærði kannast ekki við að hafa hrint húsmóðurinni né að hafa séð hina ákærðu gera það og vill fullyrða, að Sverrir Sigurðsson hafi ekki hlotið af sínum völdum þá áverka, sem lýst er í ákærunni.

Ákærði þorir ekki að fullyrða, að Ingibjörg Guðmundsdóttir hafi ekki mjaðmargrindarbrotnað við fallið, sem hann er búinn að lýsa, en það hafi ekki gerst með þeim hætti, sem hún lýsir.

Ákærði þorir ekki að fullyrða neitt um það, hvort hinir ákærðu hafi valdið þeim hjónunum þeim áverkum, sem lýst er í ákærunni.

Ákærði kannast ekki við að hafa séð manninn liggjandi á gólfinu í húsinu.

Ákærði telur mögulegt, að hann rugli saman herbergjum, þegar hann skýri frá því, hvar konan hafi dottið, eða þá, að hann rugli því saman, að í herberginu hafi verið rúm. Ákærði kveðst halda fast við það, að hann hafi fylgt konunni fram, þegar hún kom út úr herberginu aftur.

Ákærði segist ekki vera viss um, að það fyrsta, sem hann hafi gert í húsinu, hafi verið að fara inn í svefnherbergisálmuna, og man ekki, hvað hann gerði fyrst.

Ákærði kveðst ekki muna eftir staf eða priki, sem þeir ákærðu hafi haft um hönd í húsinu.

Ákærði segir, að sig rámi í, að bankað hafi verið í höfuð hans, á meðan þeir voru í húsinu.

Ákærði kveðst fyrir sitt leyti halda því fram, að hann hafi ekki átt þátt í því að beita hjónin Sverri og Ingibjörgu þeim harðræðum, að þau hefðu átt að leiða til þeirra meiðsla, sem þau eru talin hafa hlotið í komu ákærða í hús þeirra.

Ákærði segir, að í sinn hlut hafi komið við skipti á þýfinu 6.000 krónur, þrjár áfengisflöskur og einn hringur, sem ekki komst til skila. Ákærði drakk áfengið með hinum og þessum.

Ákærði Hallgrímur Pétur segist hafa verið í bílskúrnum að Blönduhlíð 3 umrætt laugardagskvöld. Auk hans var þar þá einnig ákærði Magnús Gunnar, sem hafði ekið þeim bræðrum í Blönduhlíðina í bifreið systur sinnar. Í ökuferðinni upp í Blönduhlíð var einnig ákærði X, sem farið hafði úr bifreiðinni í Eskihlíð.

Ákærði Gústaf Reinholt sagði ákærða og ákærða Magnúsi Gunnari, að ákærði X hefði fyrr um daginn ekið með sér, stúlku og Aðalsteini Guðlaugi út á Seltjarnarnes og bent á hús, þar sem byggi vinnuveitandi hans, okurlánari um sextugt, en í húsi hans væri um hálf milljón króna í peningum. Stakk ákærði Gústaf Reinholt upp á því, að þeir ákærðu skyldu fara að

þessu húsi til þess að ná sér í peninga. Varð að samkomulagi með þeim, að þetta skyldi gert. Í framhaldi af því undirbjuggu ákærðu för sína út á Seltjarnarnes í Blönduhlíðinni og í íbúð við Klapparstíg, þar sem ákærði bjó. Fóru ákærðu í önnur fót að hluta, og auk þess tók ákærði til hvíta lambhúshettu til að setja yfir andlit sitt. Ekki veit ákærði, hvar ákærði Magnús Gunnar fékk lambhúshettu, en hann hafði einnig slíka hettu meðferðis. Ekki man ákærði, sem var ölvaður, hver þeirra ákærðu átti uppástunguna að því að dulbúast.

Laust eftir miðnættið héldu ákærðu þrír síðan út á Seltjarnarnes í bifreið systur ákærða Magnúsar Gunnars, en hann ók henni. Úti á Seltjarnarnesi var bifreiðinni lagt í nokkurri fjarlægð frá húsi, sem ákærði Gústaf Reinholt vísaði á og sagði vera umrætt hús.

Þegar komið var að húsinu, fóru ákærðu yfir vegg að gróðurhúsi, og þar opnaði ákærði Gústaf Reinholt glugga, sem hann skreið inn um, en til þess að geta það steig hann upp á stól. Hann opnaði síðan hurðina fyrir þeim hinum. Eftir þetta sparkaði ákærði upp hurð að dyrum inn í húsið, og fóru þeir þar inn, ákærði fyrstur og líklega ákærði Gústaf Reinholt næstur.

Þegar inn kom, rakst ákærði á gamlan mann, sem var á ferli í skála hússins. Ákærði segir, að þegar hann sparkaði upp hurðinni, hafi lambhúshettan á höfði hans aflagast, en dulargervið höfðu ákærðu sett á sig í garðhúsinu. Sneri ákærði sér undan til að laga hettuna, en hinir ákærðu sneru sér að gamla manninum og fóru eitthvað að bjástra við hann, en ekki sá ákærði, hvað það var, sem þeir gerðu við hann. Ákærði heyrði þó öskur í gamla manninum. Ákærði segir, að skuggsýnt hafi verið í skálanum og ekkert ljós kveikt þar. Ákærði hafði þó séð ljós í herbergi annars staðar í húsinu, þegar þeir komu að því.

Ákærði segir bjástur hinna ákærðu hafa verið fólgið í stimpingum við gamla manninn. Einhver orðaskipti fóru fram, en ekki man ákærði, hvað sagt var. Meðan á þessu stóð, kom gömul kona fram í skálann og spurði, hvað gengi á. Enginn svaraði henni, en ákærði tók utan um konuna og bar hana inn í herbergi, þar sem var peningaskápur, og lagði hana þar á divan. Vill ákærði halda fast við, að þetta sé rétt. Síðan kveðst ákærði hafa lokað hurðinni og farið fram í skálann á ný, en áður höfðu ákærði og konan togast á um hurðina. Þegar ákærði kom fram í skálann, sat gamli maðurinn á stól við borð og hinir ákærðu hjá honum. Voru þeir að spyrja gamla manninn um peningana. Sá ákærði ákærða Gústaf Reinholt hrista borðið, sem maðurinn sat við, en ekki sá ákærði borðið fara á hliðina. Ákærði kannast ekki við, að neinn þeirra ákærðu hafi haft í hendi staf eða prik. Ákærði man, að gamli maðurinn lá í gólfinu, þegar ákærði fór með gömlu konuna inn í peningaskápsherbergið, en ákærði sá ekki, hvernig hann fór í gólfið.

Ákærði man eftir því, að þegar hann kom fyrst inn í húsið, kom hann eitthvað við gamla manninn, en ekki datt hann við það.

Ákærði kannast ekki við að hafa staðið að því að taka um kverkar gamla mannsins og snúa hann niður né að hafa þjarmað að honum á gólfinu. Þá kannast ákærði ekki við að hafa séð hina ákærðu gera þetta.

Ákærði segist ekki hafa farið með ákærða Magnúsi Gunnari og gamla manninum til að opna peningaskápinn. Segir ákærði, að búið hafi verið að opna peningaskápinn, þegar ákærði kom inn í herbergið, þar sem hann var.

Ákærði segir, að gamla konan hafi komið fljótlega fram í skálann á eftir sér og staðnæmst skammt frá manni sínum, en síðan fór hún inn í stofuna. Ákærði hélt nú inn í geymslu inn af eldhúsi, og þegar hann kom þaðan, man hann eftir að hafa verið að tala við gömlu konuna, sem þá var inni í stofu. Á sama tíma heyrði ákærði, að ákærði Gústaf Reinholt var að tala við gamla manninn í skálanum um það, hvort hann hefði bankahólf. Var gamli maðurinn þá búinn að opna peningaskápinn og kominn til baka. Á þessari stundu sá ákærði ekki, hvar ákærði Magnús Gunnar var.

Ákærði segir, að minni sitt sé slæmt um það, sem gerðist umrætt sinn, og muni hann því ekki hlutina í réttu samhengi, en ákærði man, að hann fór inn í herbergið, þar sem peningaskápurinn var, og að hann var opinn og að gamli maðurinn var þar. Var búið að róta út úr skápnum, og lá meginhluti innihaldsins á gólfinu. Ákærði tók ekkert af þessum hlutum, en um var að ræða m.a. pappíra, orður og peninga. Ákærði man ekki eftir að hafa verið viðstaddur, þegar peningaskápurinn var opnaður, en kveður erfitt að mótmæla framburði hinna ákærðu um það.

Ákærði man, að hann hélt eftir för sína í peningaskápsherbergið inn í svefnherbergið, og segir hann, að ákærði Gústaf Reinholt hafi komið þangað á eftir honum, en ekkert tekið þar, svo að hann viti.

Ákærði segir, að hann hafi tekið úr skartgripaskráni á náttborði í svefnherberginu fimm eða sex hringa og eina hálsfesti. Auk þess að taka framangreinda hluti tók ákærði í stofu hússins þrjár eða fjórar áfengisflöskur og setti í plastpoka, sem ákærði telur, að ákærði Magnús Gunnar hafi komið með. Ákærði kveðst ekki hafa tekið fleira í húsinu sjálfur, en þessa hluti bar ákærði á brott. Man ákærði, að hann hélt á brott með einn poka sjálfur.

Ákærði sá, að ákærði Magnús Gunnar var búinn að taka til áfengisflöskur í tvo plastpoka, að því er ákærða minnir, og hafði hann þær á brott með sér. Ekki sá ákærði, hvar ákærði Magnús Gunnar tók flöskurnar.

Ákærði sá ákærða Magnús Gunnar taka við veski úr hendi gamla mannsins og taka úr því peninga. Þá sá ákærði sama ákærða taka peninga úr

öðru veski í stofu hússins. Hafði ákærði Magnús Gunnar peningana í sínum vörslum, þegar þeir yfírgáfu húsið. Ákærði telur, að um 18.000 krónur hafi verið að ræða, en ekki taldi ákærði peningana. Ályktar ákærði, að um þessa fjárhæð hafi verið að ræða, þar sem hann fékk 6.000 krónur í sinn hlut, þegar fengnum var skipt síðar í íbúð ákærða.

Ákærði kannast ekki við að hafa hrint gömlu konunni, á meðan þeir voru í húsinu, né að hafa séð hina ákærðu gera það, og ekki sá ákærði konuna falla í gólfíð né liggja í því, á meðan þeir voru í húsinu. Kannast ákærði ekki við, að meiðsli þau, sem gömlu hjónin hlutu, séu af sínum völdum, en vefengir ekki, að hjónin hafi fengið þau meiðsli, sem lýst er í ákærunni, á meðan ákærðu voru í húsi þeirra, en ekki getur ákærði upplýst, hvernig það hafi átt sér stað, og telur, að um slyzni hafi verið að ræða, en ekki ásetning.

Ákærði man ekki, að gamli maðurinn missti meðvitund.

Ákærði kveðst hafa skorið á símalínu á farsíma í húsinu með vasahníf, sem hann hafði meðferðis, en var ekki beðinn um það. Ákærði vissi ekki, að skorið hefði verið á fleiri símalínur, fyrr en við yfirheyrslur áður (sic). Ákærði segir, að ekkert hafi verið kveikt á ljósum í húsinu, eftir að þeir ákærðu voru komnir þar inn, og hafi aðeins lifað þetta eina ljós, sem ákærði sá loga í húsinu, þegar þeir komu að því. Ákærði segir þó, að hann hljóti að hafa kveikt ljós í eldhúsgeymslunni, þegar hann fór þar inn.

Ákærði kveðst fyrst hafa gert sér fulla grein fyrir aldri hjónanna, þegar hann kom úr stofunni, eftir að hafa komið þangað fyrst.

Ákærði segir, að maðurinn hafi legið á gólfinu og virst vera mjög slappur, þegar ákærði kom út úr svefnherbergisálmunni. Ákærði man ekki eftir viðræðum við gamla manninn, á meðan hann lá á gólfinu, en hann kveðst hafa borið hann fram í stofuna.

Ákærði segir, að enginn þeirra ákærðu hafi verið verkstjóri í húsinu og allt „óplanað“ fyrir fram.

Ákærði telur, að félagar hans hafi engin afskipti verið búnir að hafa af gömlu konunni, þegar hún kom fram í skálann, eftir að ákærði hafði borið hana inn í svefnherbergisálmuna. Man ákærði, að ákærði Magnús Gunnar gaf gamla manninum einhverjar töflur og sótti einnig töflur fyrir gömlu konuna.

Ákærði minnst þess ekki að hafa tekið bjór í húsinu né man hann eftir að hafa drukkið bjór heima hjá sér eftir innbrotsferðina. Ákærði útilokar þó ekki, að hann hafi fengið bjór að drekka heima hjá sér um nóttina.

Við skiptin á þýfinu fékk ákærði í sinn hlut þrjár áfengisflöskur, sem hann drakk í félagi við hina ákærðu nema ákærða X heima hjá sér og í Blönduhlíðinni. Auk áfengisins fékk ákærði 6.000 krónur í peningum, fjóra hringa og hálsfestina, að ákærði best man. Segir ákærði, að hring-

arnir hafi allir komist til skila og hálsfestin, en peningunum hafði ákærði eytt.

Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi að Sævargörðum 1 borið svarta alpahúfu, verið með dökkann trefil og í „joggingbuxum“, dökkum að lit, að ákærða minnir. Ákærði man ekki, hvernig ákærði Gústaf Reinholt var klæddur að ofan.

Ákærða minnir, að ákærði Magnús Gunnar hafi verið með dökka lambhúshettu og í dökkum „anorak“, en ekki man ákærði frekar eftir klæðnaði hans.

Ákærða minnir, að hann sjálfur hafi verið í bláum anorak, með hvíta lambhúshettu og með götum fyrir augu og í ljósum „joggingbuxum“.

Ákærði segir, að ákærðu Gústaf Reinholt og Magnús Gunnar hafi ætlað að sjá um að henda klæðnaði þeirra.

Ákærði kveðst hafa hent skartgripunum, sem komu í hans hlut, í rusla-tunnu í hliðargötu fyrir ofan Klapparstíg á sunnudeginum eða mánudeginum eftir ránið.

Ákærði Magnús Gunnar segist hafa hitt ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrím Pétur og X síðla margnefndan laugardag á Klapparstíg við Hverfis-götu, og var þá með þeim Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson. Var ákærði þarna á bifreið systur sinnar. Ákærðu og Aðalsteinn Guðlaugur héldu síðan saman í billjarðstofu við Klapparstíg og voru þar nokkra stund. Á meðan þeir voru þar, hafði ákærði Gústaf Reinholt orð á því, að ákærði X hefði sagt sér frá húsi úti á Seltjarnarnesi, þar sem byggji okrari um sextugt, en í húsi hans væri um hálf milljón í peningaskáp. Talaði ákærði Gústaf um að brjótast þarna inn í peningaleit og bauð ákærða að taka þátt í því ásamt sér og bróður sínum, en ákærða X yrði haldið utan við málið. Kvaðst ákærði Gústaf Reinholt vera búinn að skoða húsið og þá hafa séð húsráð-andann, sem væri feitur karl.

Ákærði segir, að hann hafi ákveðið eftir nokkra umhugsun að taka þátt í innbroti í húsið með þeim hinum, en hann hefði verið í peninga-vandræðum.

Nokkru eftir að ákærði tók ákvörðun sína, ók hann hinum ákærðu þremur og Aðalsteini Guðlaugi að Grundarstíg 24, en þar varð Aðalsteinn Guðlaugur eftir, og eftir stutta stund var ekið upp í Hlíðar, og þar yfirgaf ákærði X bifreiðina í Eskihið, en þeir hinir héldu heim til ákærða Gústafs Reinholts í Blönduhlíð 3, í bílskúr, og fóru að undirbúa för sína út á Seltjarnarnes.

Ákærðu stóðu stutt við í Blönduhlíðinni, en þar lánaði ákærði Gústaf Reinholt ákærða svartar „joggingbuxur“, sem ákærði tók með sér án þess að klæðast þeim. Sjálfur tók ákærði Gústaf Reinholt með sér trefil og

svarta derhúfu og svarta leðurvettlinga. Ákærði man ekki, hver stakk upp á því, að þeir skyldu fara dulbúnir í húsið á Seltjarnarnesi.

Ákærðu héldu úr Blönduhlíðinni að Klapparstíg 12, og þar var tekinn með meiri fatnaður, sem ákærðu fóru þó ekki í. Fékk ákærði þarna lánaða dökka rúllukragapeysu, að hann minnir, og ákærði Gústaf Reinholt einhverja svarta dulu, en hann hafi verið í dökkri peysu. Telur ákærði, að þeir hafi staðið við á Klapparstígnum í um eina klukkustund, en laust fyrir miðnætti héldu þeir út á Seltjarnarnes. Þegar komið var út á Seltjarnarnes, stöðvaði ákærði bifreiðina nokkurn spöl frá húsi, sem ákærði Gústaf Reinholt benti á, að væri umrætt hús, en að því héldu ákærðu gangandi, eftir að hafa farið í annan fatnað í bifreiðinni. Fór ákærði í „joggingbuxurnar“ og setti á sig skíðahúfu.

Ákærðu komu að bakhlið hússins og fóru þar yfir timburvegg og komu þá að glerhúsi. Telur ákærði, að eitt ljós hafi verið kveikt í húsinu. Ákærði Gústaf Reinholt skrúfaði í sundur stormjárn á opnanlegum glugga á glerhúsinu og skreidd þar inn og opnaði fyrir þeim hinum. Ákærði kveðst hafa bedið á milli timburveggjarins og glerhússins, á meðan hinir ákærðu voru að skrúfa í sundur stormjárnið og skriða inn. Ákærði hafði séð hreyfingu inni í húsinu og hafði orð á því við hina að hætta við að fara inn í sjálft húsið. Ákærðu hinir svöruðu þessu engu, og næst heyrði ákærði, að þeir voru komnir inn í húsið. Hélt þá ákærði eftir smástund á eftir þeim inn í húsið, en ákærði var orðinn hræddur. Áður en ákærði hélt inn, setti hann skíðahúfuna niður yfir andlitið til að hylja það.

Ákærði segir, að það fyrsta, sem hann hafi séð, þegar hann kom inn í húsið, hafi verið það, að ákærði Hallgrímur Pétur hélt undir handlegginn á gömlum manni, og voru þeir við skrifborð í skála hússins og ákærði Gústaf Reinholt að koma að þeim. Ákærði vakti athygli félaga sinna á því, að þarna væri um gamalmenni að ræða og hvort þeir vildu ekki hætta við fyrirætlun sína. Ákærði Gústaf Reinholt sagði þá, að þetta væri vitlaust (sic) hús, en ekkert var hlustað á ákærða um að hætta við málið.

Ákærði segir, að mikill hávaði hafi orðið, þegar ákærðu Gústaf Reinholt og Hallgrímur Pétur sprengdu upp hurðina inn í húsið, og skynjaði ákærði ekki annan hávaða á svipuðum tíma. Ákærði gat hvorki séð né heyrt, að félagar hans ættu í átökum við einhvern, áður en ákærði sá þá með gamla manninn við skrifborðið. Um það leyti, sem ákærði sá félag sína og gamla manninn, sá hann gamla konu koma á eftir ákærða Gústaf Reinholt í átt frá svefnherbergisálmú hússins, og spurði hún, hvort þeir ætluðu að berja mann hennar, en ákærði sagði, að enginn yrði meiddur.

Ákærði segir, að áður en félagar hans brutust inn í húsið, hafi hann verið búinn að sjá ljós í herbergi á móti hurðinni, sem brotin var upp, og eitthvað hreyfast þar inni. Merkti ákærði þetta af skugga, sem kom á birtuna.

Ákærði kveðst hafa séð, að gamla konan var mjög miður sín og lasburða. Tók ákærði undir handlegg hennar og spurði hana, hvort hún væri með lyf. Benti hún þá inn í eldhús, og studdi ákærði hana þá þangað og að ísskápnum, sem ákærði opnaði, en konan sjálf tók úr skápnum einhverjar töflur. Eftir það studdi ákærði konuna inn í stofuna, en þar settist hún í stól. Þegar ákærði kom fram í skálann aftur, sat gamli maðurinn við skrifborðið og hinir ákærðu þar yfir honum. Voru þeir báðir að krefja gamla manninn um peninga, og ákærði gerði það einnig, eftir að hann kom þarna að. Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi til áréttingar kröfu þeirra felld skrifborðið á hliðina. Ákærði sá ekki, að hinir ákærðu ógnuðu gamla manninum með priki eða staf, og ekki kannast ákærði sjálfur við að hafa gert það. Kannast ákærði ekki við að hafa séð þarna prik eða staf. Ákærði sá hvorugan hinna ákærðu beita gamla manninn líkamlegum harðræðum (sic) né kannast ákærði við að hafa gert slíkt sjálfur. Ákærði sá gamla manninn ekki fara í gólfið á þessum tíma.

Ákærði segir, að þrefi þeirra út af peningum hafi lyktað með því, að gamli maðurinn hafi tekið úr skrifborðinu, sem búið var að reisa við, lykil að peningaskápnum. Gekk gamli maðurinn síðan með ákærða og ákærða Hallgrími Pétri inn í herbergið, þar sem peningaskapurinn var. Segir ákærði, að gamli maðurinn hafi snúið lyklinum í skápnum, en síðan sagt, að hann gæti ekki togað í hurðina. Togaði ákærði Hallgrímur Pétur í hurðina, sem opnaðist. Eftir það fóru ákærði og ákærði Hallgrímur Pétur að gramsa í skápnum og dreifðu innihaldi úr honum út á gólfið. Engir peningar komu í ljós, og sagði gamli maðurinn þeim, að hann ætti bara peninga í veski sínu.

Ákærðu héldu nú með gamla manninn fram í skálann á ný án þess að hafa tekið nokkuð með sér af innihaldi skápsins. Þegar þeir komu fram, var ákærði Gústaf Reinholt frammi í stofunni hjá gömlu konunni.

Ákærði segir, að þegar gamli maðurinn var kominn fram í skálann á ný, hafi hann tekið upp veski sitt og rétt ákærða það, og úr því tók ákærði 15.000 krónur í peningum, sem ákærði hafði meðferðis, þegar hann yfirgaf húsið. Eftir að ákærði hafði fengið peningana, studdi hann gamla manninn inn í stofuna, en þar lagðist hann í sófa. Á meðan ákærði var að framangreindu, fóru félagar hans inn í svefnherbergisálmuna einir. Eftir að gamli maðurinn var lagstur í sófann og þau bæði hjónin í stofunni, fór ákærði í geymslu inn af eldhúsi og tók þar níu eða tíu áfengisflöskur, sem hann setti í plastpoka, sem voru í búrinu. Einnig tók hann í búrinu bjórflöskurnar. Minnir ákærða, að um hafi verið að ræða þrjá poka, og báru ákærðu hver sinn poka á brott, þegar þeir yfirgáfu húsið.

Þegar ákærði kom fram úr geymslunni, sá hann gamla manninn liggja á gólfinu, og virtist hann ætla að skriða til konunnar. Lagði ákærði frá

sér áfengispökana í stofunni og fór til gamla mannsins og spurði, hvort eitthvað væri að honum. Hann talaði lítið, en minntist á svima. Ákærði fór með gömlu konuna í eldhúsið, þar sem hún náði í töflur fyrir sig úr ísskápnum. Að ábendingu gömlu konunnar fór ákærði tvívegis inn í svefnherbergi til að leita að töflum í náttborðsskúffu handa gamla manninum. Í síðara skiptið fann ákærði töflurnar, sem gamla konan gaf manni sínum. Í framhaldi af þessu sagði ákærði gömlu konunni, að hann myndi hringja á sjúkrahúsið, þegar þeir væru farnir úr húsinu. Ákærði fór nú inn í svefnherbergisálmuna og hitti þar félagu sína, sem voru að skoða skartgrip. Ákærði tók ekkert af skartgripum, en síðar um nóttina, þegar ákærðu skiptu á milli sín þýfinu úr húsinu, sá ákærði hjá félögum sínum gullháls-men og þrjá gullhringa, en einn þeirra fékk ákærði í sinn hlut.

Ákærði segir, að það hafi komið til tals í svefnherberginu að slíta símana í húsinu úr sambandi. Í framhaldi af því sleit ákærði símann í forstofunni úr sambandi, en ákærði Hallgrímur Pétur aðra síma. Eftir þetta yfirgáfu ákærðu húsið og héldu inn í Reykjavík. Ætluðu þeir að hringja í sjúkrahúsið úr símaklefa í Tryggvagötu, en hann var upptekinn. Var þá haldið upp á Klapparstíg, þar sem ákærði Hallgrímur Pétur fór úr bifreiðinni. Þeir hinir fóru upp á Laugaveg, þar sem ákærði Gústaf Reinholt hringdi til lögreglu úr símaklefa. Eftir það héldu þeir á Klapparstíginn, og þar var þýfinu skipt um nóttina. Ákærði fékk í sinn hlut þrjár áfengisflöskur, áðurgreindan gullhring og 5.000 krónur, en bjórdósirnar sex drukku ákærðu á Klapparstígnum. Ákærðu Hallgrímur Pétur og Gústaf Reinholt fengu hvor um sig 5.000 krónur í peningum, hinn fyrrnefndi fékk hálsmenið, einn hring og þrjár áfengisflöskur. Ákærði Gústaf Reinholt fékk einn hring og þrjár áfengisflöskur. Telur ákærði, að flöskurnar hafi verið níu, en ekki tíu, og ekki kveðst ákærði hafa séð nema þrjá gullhringa.

Ákærði eyddi sínum hluta peninganna fyrir sjálfan sig og drakk áfengisflöskurnar þrjár í félagi við ákærða Gústaf Reinholt, en skilaði hringnum.

Ákærði telur, að enginn þeirra þriggja hafi átt frumkvæði að því, hvernig staðið skyldi að verki í húsinu.

Ákærði kannast ekki við að hafa hrint Ingibjörgu Guðmundsdóttur né að hafa séð hina ákærðu gera það eða að hafa séð hana liggja á gólfinu.

Ákærði kannast ekki við að hafa staðið að því að taka um kverkar Sverris Sigurðssonar og snúa hann niður né að hafa þjarmað að honum á gólfinu.

Ákærði getur engar skýringar gefið á þeim meiðslum, sem gömlu hjónin eru talin hafa hlotið í heimsókn ákærðu í hús þeirra.

Ákærði segir, að hann hafi í bifreiðinni á leiðinni á brott heyrt ákærða Gústaf Reinholt kvarta yfir því við ákærða Hallgrím Pétur, að hann hefði

verið að pota í sig með priki í húsinu. Féllu orð eitthvað á þessa leið. Var þetta í eina skiptið, sem ákærði heyrði minnst á prik eða staf.

Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en þó ekki meira en svo, að hann telur sig muna atburðarásina rétt.

Ákærði segir, að húfur sínar og ákærða Hallgríms Péturs hafi verið sömu gerðar, önnur hvít og blá, en hin dökk.

Ákærði sagði rannsóknarlögreglu, að hann hefði komið að hinum ákærðu, þar sem þeir hafi verið að kljást við gamlan mann liggjandi á gólfinu við dyrnar fram í „holið“. Ákærði man ekki eftir þessu atviki né getur hann skýrt ástæðuna fyrir þessum framburði. Ákærði telur sig hafa borið á framangreindan hátt vegna hræðslu, og sé framburður þessi rangur.

Ákærði minnst þess ekki, að gamla manningnum hafi verið hótad um ófarnað, þegar þeir félagar voru að krefja hann um peningana.

Ákærði sagði rannsóknarlögreglu, að ákærði Gústaf Reinholt hefði sagt, að ákærði Hallgrímur Pétur hefði verið með staf reiddan og ógnað með honum. Ákærði segir þennan framburð ekki réttan, og hafi ákærði átt við, að ákærði Hallgrímur Pétur hefði, að sögn ákærða Gústafs Reinholts, verið að ógna honum með stafnum.

Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi sagt honum á sunnudeginum, að hann hefði tekið lykla að húsinu og billykil.

Ákærði vefengir ekki, að hjónin Sverrir og Ingibjörg hafi hlotið þau meiðsli, sem lýst er í ákærinni, á meðan þau sættu heimsókn ákærðu. Ákærði kannast hins vegar ekki við að hafa gert neitt, sem gæti hafa valdið meiðslunum, né hafi hann séð hina ákærðu aðhafast eitthvað, sem gæti hafa valdið meiðslum hjónanna.

Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi farið með húfur þeirra tveggja í óskutunnur við húsið um nóttina, áður en þeir fóru inn til ákærða Hallgríms Péturs til að skipta þýfinu.

Ákærði X kannast við að hafa laugardaginn 24. september sl., undir áhrifum áfengis og sveppasúpu, í rugli, sagt ákærða Gústaf Reinholt, að úti á Seltjarnarnesi væri að finna hús með miklum verðmætum. Ekki man ákærði nákvæmlega, hvernig orð féllu, en minnir, að hann hafi minnst á gull, peningaskáp og hálfa milljón í peningum. Í framhaldi af þessu tali, sem ákærði man ekki, hvort fram fór að Blönduhlíð 3 eða í billjarðstofu við Klapparstíg, fór ákærði síðar um daginn í ökuferð út á Seltjarnarnes með ákærða Gústaf Reinholt, Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni og stúlku, sem ók bifreiðinni. Í ökuferðinni benti ákærði af handahófi á hús á Seltjarnarnesi og sagði, að þarna væri umrætt hús. Ákærði kveðst ekkert hafa þekkt til þessa húss eða íbúa þess, og eftir að hafa verið sýndar ljósmyndir af Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi, þorir hann ekki að fullyrða, að hann hafi bent á það hús.

Ákærði kveðst hafa skilið við samferðamenn sína í bifreiðinni uppi í Eskihlíð, en þangað var honum ekið.

Ákærði kveðst ekki muna eftir því við meðferð málsins, að ákærði Gústaf Reinholt hafi sagt honum, að þeir hefðu hrint fólkinu til í húsinu að Sævargörðum 1, en þetta er haft eftir ákærða í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði Magnús Gunnar afhenti rannsóknarlögreglunni einn gullhring með fjóluþálum steini, sem hann kvaðst hafa fengið í sinn hlut, og var hringurinn geymdur í húsi í Breiðholti í Reykjavík.

Ákærði Hallgrímur Pétur vísaði rannsóknarlögreglunni á svart plasthylki með gráu loki, sem var á baklóð vestan við Klapparstíg 12, og voru í því eitt hálsmen og fjórir gullhringar, sem hann kvaðst hafa falið þarna, en ekki mundi hann, hvenær hann gerði það.

Skilað var til hjónanna Ingibjargar og Sverris framangreindum hlutum, hálsmeninu og hringunum fimm, svo og einni áfengisflösku.

— — —

Niðurstöður.

I.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, er sannað, að ákærðu hafa í félagi brotist grímuklæddir inn í húsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi aðfaranótt sunnudagsins 25. september sl. og haft þaðan á brott með sér þau verðmæti, sem gerð er grein fyrir í ákærinni, eftir að hafa neytt húsráðendur til þess með ógnunum að benda sér á fjármuni í íbúðinni. Þó verður því ekki slegið föstu, að áfengisflöskurnar hafi verið tíu. Verður gengið út frá því, að þær hafi verið níu. Með framburði húsráðenda og læknisvottorðum er sannað, að húsráðendur urðu fyrir þeim meiðslum, sem lýst er í ákærinni, í heimsókn ákærðu í húsið. Þeir hafa ekki vefengt hver um sig, að þetta hafi átt sér stað, en enginn einn þeirra kannast við að vera að þessu valdur. Verða ákærðu því allir taldir ábyrgir fyrir þessum meiðslum. Þessi háttsemi ákærðu Gústafs Reinholts, Hallgríms Péturs og Magnúsar Gunnars varðar við 252. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærur og refsingum, sem hér segir, svo og reynslulausn:

— — —

[Gústaf Reinholt Gústafsson hefur sætt þremur refsidómum fyrir þjófnað og tveimur fyrir umferðarlagabrot og sæst þrisvar á greiðslu sektar. Hall-

grímur Pétur Gústafsson hefur sætt níu refsidómum fyrir ýmis hegningarlagabrot og tveimur fyrir umferðarlagabrot og sex sinnum sæst á greiðslu sektar. Magnús Gunnar Baldvinsson hefur sætt sex refsidómum fyrir hegningarlagabrot, tveimur fyrir umferðarlagabrot og einum fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf, auk þess sæst sex sinnum á greiðslu sektar. Honum var 6. febrúar 1988 veitt reynslulausn í tvö ár af eftirstöðvum refsingar, 70 dögum.]

Refsingar.

Ákærðu, Gústaf Reinholt, Hallgrími Péttri og Magnúsi Gunnari, verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af sakaferli þeirra, og samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður hin fimm mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsing ákærða Hallgríms Péturs samkvæmt dóminum frá 28. janúar 1987 felld inn í þá refsingu, sem honum verður nú ákvörðuð, en með þeirri háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins. Verður ákærða Hallgrími Péttri því einnig ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga, að ákærðu brutu sér saman grímuklæddir að næturlagi leið inn á einkaheimili, þar sem íbúarnir voru sofandi. Þá dró ekki úr einbeittum vilja ákærðu til verksins, þótt þeir sæju, að íbúar hússins væru öldruð hjón, og verða þeir taldir sameiginlega hafa staðið að því að beita hjónin svo miklum harðræðum (sic), að þau hlutu töluverð meiðsli af, allt í þeim tilgangi að komast yfir verðmæti í húsinu.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærðu Gústafs Reinholts, Hallgríms Péturs og Magnúsar Gunnars hvers um sig hæfilega ákveðin fangelsi fjögur ár.

— — —

Gæsluvarðhald.

Ákærði Gústaf Reinholt hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 29. september sl. og allt til uppsögu dóms þessa eða í samtals 118 daga.

Ákærði Hallgrímur Pétur hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 28. september sl. og allt til uppsögu dóms þessa eða í samtals 119 daga.

Ákærði Magnús Gunnar sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 29. september sl. klukkan laust eftir 15 þann dag, en því lauk 5. október sl., er við tók afplánun 70 daga eftirstöðva fangelsisrefsingar, en henni lauk 13. desember sl. Var ákærði þá úrskurðaður í gæsluvarðhald á ný og hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan og allt til uppsögu dóms þessa eða í samtals 48 daga.

— — —

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að allt framan-
greint gæsluvarðhald ákærðu komi refsingum þeirra til frádráttar.

Skaðabætur.

Ákært er til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, en slík krafa liggur ekki fyrir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu samkvæmt ákvæðum 142. gr. laga nr. 74/1974 til þess að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði Gústaf Reinholt skal greiða skipuðum verjanda sínum, Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Hallgrímur Pétur skal greiða skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni héraðsdómslögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærði Magnús Gunnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, skulu greiddast af ákærða X að hálfu, en að hálfu úr ríkissjóði.

Ákærðu greiði saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð. Skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða óskipt 100.000 krónur í saksóknarlaun, en ákærði X einn 10.000 krónur.

Annan sakarkostnað skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða að 5/6 hlutum óskipt, en ákærði X að 1/12 hluta og ríkissjóður að 1/12 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærðu Gústaf Reinholt Gústafsson, Hallgrímur Pétur Gústafsson og Magnús Gunnar Baldvinsson sæti hver um sig fangelsi í fjögur ár.

Ákærði X sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma gæsluvarðhald þeirra, ákærða Gústafs Reinholts í 118 daga, ákærða Hallgríms Péturs í 119 daga, ákærða Magnúsar Gunnars í 48 daga og ákærða X í 16 daga.

Ákærði Gústaf Reinholt greiði skipuðum verjanda sínum, Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Hallgrímur Pétur greiði skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni héraðsdómslögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærði Magnús Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, skulu greiðast af ákærða X að hálfu, en að hálfu úr ríkissjóði. Ákærðu greiði saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð. Skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða óskipt 100.000 krónur í saksóknarlaun, en ákærði X einn 10.000 krónur.

Annan sakarkostnað skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða að 5/6 hlutum óskipt, en ákærði X að 1/12 hluta og ríkissjóður að 1/12 hluta.
